

Ed.

626. Frumvarp.

til laga um löggilding verzlunarstaða.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Eftirfylgjandi staðir skulu vera löggiltir verzlunarstaðir:

Hvalneskrókur í Austur-Skaftafellssýslu,
Herdisarvík í Árnessýslu,
Kvíabryggja undir Stöð á Snæfellsnesi,
Gunnarsstaðaey í Hvammsfirði í Dalasýslu,
Hjálmarsvík í Þistilfirði í Norður-Þingeyjarsýslu og
Hámundarstaðir við Nýpsfjörð í Norður-Múlasýslu.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verzlun-
arlóðarinnar á hverjum staðnum um sig, samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905
og birt þau í B-deild stjórnartíðindanna.